

6. fundur samstarfsnefndar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 20. desember kl. 16:15 í fjarfundi á Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason, formaður
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Einar Kristján Jónsson
- Arnrún Bára Finnsdóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson
- Róbert Ragnarsson, RR ráðgjöf
- Jón Hrói Finnsson RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð.

1. Afgreiðsla sveitarstjórna á tillögu og álit samstarfsnefndar

Sveitarstjórnir Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps hafa fjallað um álit samstarfsnefndar og samþykkt að kosningar um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fari fram laugardaginn 19. febrúar 2022. Auglýsing um kosningarnar hefur þegar verið birt í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og á feykir.is.

Í bókunum sínum leggja sveitarstjórnirnar áherslu á að fylgt verði þeim áherslum sem fram hafa komið á fundum með þingmönnum og ráðherrum varðandi brýn verkefni í atvinnu- og byggðamálum í Austur-Húnavatnssýslu, svo sem stuðningi við stofnun Umhverfisakademíu, uppbyggingu ferðamannastaða og fjölgun starfa við innheimtuþjónustu sýslumanns á Blönduósi. Þá er að mati sveitarstjórnanna mikilvægt að átak verði gert í viðhaldi héraðs- og tengivega sem og lagningu bundins slitlags á flugvöllinn á Blönduósi með það fyrir augum að tryggja greiðar samgöngur innan nýs sveitarfélags.

2. Svar Jöfnunarsjóðs við umsókn um styrk

Í bréfi frá 2. nóvember sótti formaður, fyrir hönd samstarfsnefndar, um styrk til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 8,6 m.kr. til að standa straum af kostnaði við verkefnið. Í bréfi dagsettu 15. desember sl. er tilkynnt um að umsóknin hafi verið samþykkt.

3. Kynningarmál og almannatengsl

Lögð fram tillaga að kynningaráætlun og gerðar breytingar á skjalinu samkvæmt umræðum á fundinum. Rætt var um hvaða lykilskilaboð samstarfsnefnd vill koma á framfæri við íbúa, markhópa og auglýsingamiðla.

Samstarfsnefnd gerir ráð fyrir að samstarf verði við Feyki um framleiðslu og dreifingu á kynningarbæklingi.

Ákveðið var að halda íbúafundi 3. febrúar kl. 17:30 á Blönduósi og kl. 20:00 á Húnavöllum. Hafi ástandið í samfélaginu ekki skánað verða fundirnir færðir á netið í Zoom.

Farið var yfir drög að glærum fyrir kynningu á íbúafundum og þau uppfærð samkvæmt ábendingum fundarmanna.

4. Hagsmunagæsla og kynning verkefnisins

Fundir hafa ekki verið bókaðir með ráðherrum og þingflokki, bæði vegna þess hversu stutt er síðan ríkisstjórn var mynduð og vegna fjölgunar á Covid-smitum í samfélaginu og hertra sóttvarnareglna.

Ákveðið að freista þessa að ná fundum með ráðherrum, fagnefndum og/eða þingflokki 17.-18. janúar. Ráðgjafar gera drög að minnisblaði til dreifingar á fundunum.

5. Næsti fundur

Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður mánudaginn 10. janúar kl. 16:15.

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 17:45.